



Ernst & Young ehf.
Borgartúni 30
105 Reykjavík
Iceland

Sími: +354 595 2500
www.ey.is

Starfsmanna- og jafnlaunastefna EY á Íslandi


EY leggur áherslu á að ráða til sín hæfasta fólkið sem völ er á hverju sinni. Allar ráðningar skulu byggjast á hæfni, menntun og starfsreynslu, ásamt persónulegri hæfni og þörfum fyrirtækisins hverju sinni. Við viljum fólk sem hefur tamið sér heiðarleika, virðingu og samvinnu, fólk sem skapar tengsl sem byggjast á því að gera það sem rétt er. Við erum fylgjandi jafnrétti og viljum tryggja jöfn tækifæri og starfskjör fyrir öll kyn.

Það er stefna EY að sambærileg laun skulu greidd fyrir jafnverðmæt og sambærileg störf óháð kyni. Einnig er það stefna EY að uppfylla kröfur laga, reglugerðir og annarra krafna sem tryggja að hver og einn fái greitt fyrir starf út frá verðmæti þess, menntun, ábyrgð, álagi, frammistöðu og markaðsaðstæðum, þannig að enginn kynbundinn launamunur sé til staðar hjá fyrirtækinu.

Við viljum skapa starfsumhverfi sem er hvetjandi, árangursdrifið og jákvætt. EY leggur áherslu á starfsumhverfi þar sem starfsfólki líður vel í vinnunni og starfsandi er góður. Við teljum mikilvægt að gott jafnvægi ríki á milli vinnu og einkalífs og viljum gera okkar besta til að það takist, m.a. með sveigjanlegum vinnutíma.

EY leggur áherslu á að starfsfólk sé ábyrgt í starfi sínu og komi vel fram fyrir hönd fyrirtækisins bæði gagnvart viðskiptavinum og vinnufélögum.

Við líðum ekki einelti, kynferðislega áreitni né nokkuð annað ofbeldi og er það á ábyrgð okkar allra að koma í veg fyrir slíka hegðun á vinnustaðnum.



Guðjón Norðfjörð
Forstjóri EY á Íslandi